

ákvæði um þagnarskyldu eru því til fyrirstöðu, að varnaraðili megi verða við kröfum sóknaraðilja. Ber því að skylda varnaraðilja til þess að veita aðgang að og láta í té þau gögn, sem sóknaraðili hefur krafizt.

**Því úrskurðast:**

Varnaraðilja, Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, er skylt að veita sóknaraðilja, rannsóknardeild ríkisskattstjóra, aðgang að lyfseðlum, er fylgja reikningum lyfjabúa til samlagsins, og eftir atvikum láta sóknaraðilja gögn þessi í té.

---

Þriðjudaginn 16. marz 1971.

Nr. 17/1971. **Landeigendafélag Laxár og Mývatns**  
 gegn  
**Laxárvirkjun og**  
**Magnúsi Thoroddsen setudómara.**

**D ó m e n d u r:**

hæstaréttardómurarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Kærumál. Frávísun. Lagt fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á kröfu.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 5. febrúar 1971, sem barst Hæstarétti 12. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr höndum beggja varnaraðilja óskipt.

Varnaraðili Laxárvirkjun krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili Magnús Thoroddsen setudómari mótmælir kærumálskostnaðarkröfu sóknaraðilja á hendur sér.

Í héraði hefur sóknaraðili gert þær dómkröfur, að staðfest verði með dómi:

- „1. Að framkvæmdir þær, sem Laxárvirkjun er að hefja til virkjunar Laxár við Brúar í Aðaldælahreppi í S.-Þingeyjarsýslu, brjóti í bág við íslensk lög og séu óheimilar.
2. Að lokuvirki þau, sem Laxárvirkjun hefur reist, þar sem útfallskvísar Laxár renna úr Mývatni, skorti lagastoð og brjóti því í bág við íslensk lög“.

*Um 1.* Ljóst er, að félagsmenn Landeigendafélags Laxár og Mývatns eiga sjálfstæðan rétt til að bera þetta sakarefni undir dómstóla. Dómkröfur þeirra eru af sömu rót runnar. Tilgreining stefnanda í héraðsdómsstefnu er nægilega skýr, eins og á stóð, sbr. dóm Hæstaréttar frá 15. desember 1970.

Könnun sakargagna leiðir í ljós, að af hendi sóknaraðilja hafa verið lögð fram skjöl, sem fela í sér nokkurn skriflegan málflutning og varða að hluta eigi sakarefnið, en ekki eru þó efni til að vísa málinu frá héraðsdómi af þeim sökum.

*Um 2.* Eigi verður talið, eins og málsatvikum er hér háttað, að sóknaraðili geti fengið úrlausn dómstóla um lög-  
mæti þessara mannvirkja almennt án tillits til þess, hverra heimilda hann hyggst neyta í því sambandi. Ber því að vísa þessum kröfum sóknaraðilja frá héraðsdómi.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Framangreindri dómkröfu sóknaraðilja, Landeigenda-  
félags Laxár og Mývatns, á hendur varnaraðilja Laxár-  
virkjun er vísað frá héraðsdómi. Að öðru leyti er hinn  
kærði dómur felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm  
að dæma málið að efni til.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### Dómur aukadómpings Þingeyjarsýslu 3. febrúar 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 20. f. m., hefur Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður upphaflega höfðað f. h. Félags landeigenda á Laxárvæðinu með stefnu, birtri 25. júlí 1970, á hendur stjórn Laxárvirkjunar.

Hinn 2. október 1970 var nafni sóknaraðilja breytt og nefnist nú Landeigendafélag Laxár og Mývatns í stað Félags landeigenda á Laxárvæðinu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi:

- I. Að framkvæmdir þær, sem Laxárvirkjun er að hefja til virkjunar Laxár við Brúar í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, brjóti í bág við íslenzk lög og séu óheimilar.
- II. Að lokuvirki þau, sem Laxárvirkjun hefur reist, þar sem útfallskvíslar Laxár renna úr Mývatni, skorti lagastoð og brjóti því í bág við íslenzk lög.

Jafnframt áskilur stefnandi sér allan rétt til að höfða síðar önnur mál til heimtu skaðabótageiðslna vegna þess tjóns, sem Laxárvirkjun hafi þegar valdið landeigendum á Laxárvæðinu, og vegna tjóns þess, sem hún kynni að valda síðar.

Auk þess krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Með úrskurði, uppkveðnum 4. ágúst 1970, vék hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, sæti í máli þessu.

Með bréfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 26. ágúst 1970, var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma aukadómpingsmál þetta.

Setudómarinn þingaði fyrst í máli þessu hinn 30. september 1970 á Húsavík. Í því þinghaldi kom fram krafa af hálfu stefnanda um það, að setudómarinn viki sæti í málinu. Var þeirri kröfu hrundið með úrskurði 6. október 1970. Sá úrskurður var staðfestur af Hæstarétti með dómi hinn 17. nóvember 1970.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 60 frá 20. maí 1965 um Laxárvirkjun, 4. gr.,

var Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12.000 KW raforkuver í Laxá við Brúar. Í 5. gr. sömu laga segir, að til bygginga nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.

Laxárvirkjun lét hanna raforkuver í Laxá. Er það svonefnd Gljúfurversvirkjun. Var hönnun virkjunar þessarar unnin á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens s/f. Samkvæmt áætlun um Gljúfurversvirkjun átti hún að verða samtals 54.6 KW að stærð og vinnast í fjórum áföngum.

Áætlun um virkjun þessa var gefin út í janúar 1968.

Hinn 15. september 1969 ritaði Laxárvirkjun raforkumálaráðherra bréf sem áætlun um Gljúfurversvirkjun í Laxá, þar sem óskað var leyfis ráðuneytisins til virkjunar í samræmi við þá áætlun. Ráðuneytið óskaði umsagnar orkumálastjóra um nefnt erindi Laxárvirkjunar. Umsögn orkumálastjóra er dagsett 16. september 1969. Þar sem umsögn þessi er málinu mjög til glöggvunar, þykir rétt að taka hana hér inn í úrskurðinn í heild sinni: „Með bréfi, dags. í dag, hefur hið háa ráðuneyti sent mér til umsagnar og athugunar erindi frá stjórn Laxárvirkjunar, sem því barst í dag, ásamt áætlun yfir Gljúfurversvirkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Áætlun sú, sem fylgir bréfi stjórnar Laxárvirkjunarinnar, er á ensku og nefnist: „Gljúfurver project. Definate project report“ og er gefin út í janúar 1968.

Áætlunin er um virkjun efri hluta fallsins við Brúar í orkuveri með tveimur vélasamstæðum í neðanjarðarstöð, samtals 54,6 MW að stærð, og stíflu, er lyftir vatnsborði árinna við núverandi stíflu um 46 m.

Gert er ráð fyrir því, að síðar megi veita Suðurá, sem nú fellur í Skjálfandafljót, í Kráká og þannig í Laxá, en þau veitumannvirki eru ekki innifalin í áætluninni.

Í bili er ekki áætlunin að framkvæma nema 1. áfanga af fjór-um, sem áætlunin er um. Í honum verður engin ný stífla byggð, heldur notuð gamla stíflan í Laxá I og vatnsborð ekki hækkað frá því, sem nú er. Sett verður aðeins ein vélasamstæða. Hins vegar er gert ráð fyrir að gera vatnsgöngin nægilega víð, til þess að þau geti tekið vatn að báðum vélum, ef Suðurá verður síðar veitt í Laxá. Ennfremur að gera vélasamstæðuna þannig úr garði, að hún geti einnig unnið við 84 m fallhæð, en það verður fallhæðin, ef vatnsborð er síðar hækkað um 46 m alls. Vélasamstæðan verður gerð fyrir 24 MW við 84 m fall, en í fyrsta áfanga

verður afl hennar aðeins um 7 MW. Loks er og innifalið í þessum áfanga að sprengja í bergið fyrir fullri stærð vélasalarins.

Annar áfangi, er síðar kæmi, er bygging stíflu, sem lyftir vatnsborðinu 21 m og eykur fallhæðina upp í 59,5 m. Þá mun vélasamstæðan geta látið í té 14,7 MW. Í fylgiskjali með áætluninni er gert ráð fyrir, að þessari stíflugerð þurfi að vera lokið haustið 1974 til þess að mæta vaxandi álagi á núverandi Laxárvæði, en ári fyrr, ef Norðurland vestra og Austurland eru tengd við Laxárvirkjunarsvæðið.

Þriðji áfangi er, samkv. áætluninni, hækkun stíflunnar, svo að fallhæð verði alls 84 m, og getur fyrri vélin þá skilað 24 MW að afli. Á fyrrnefndu fylgiskjali áætlunarinnar er ráðgert, að sú hækkun þurfi að vera framkvæmd fyrir haustið 1984 fyrir núverandi Laxárvæði eitt, en tveim árum fyrr, ef áðurnefnd orkusvæði vestan og austan bætast við.

Fjórdi áfangi er samkvæmt áætluninni að setja seinni vélasamstæðuna, og fer þá afl stöðvarinnar upp í 54,6 MW, eins og áður er sagt.

Ef stíflan væri ekki hækkuð fram yfir það, sem ráðgert er í 2. áfanga, og fallhæðin þá 59,5 m, myndu tvær vélasamstæður með sömu vatnsnotkun láta samtals í té 35 MW að afli til.

Svo sem Orkustofnunin hefur áður látið í ljósi, fær hún ekki annað séð en að sú virkjun, sem framangreind áætlun frá janúar 1968 um Gljúfurversvirkjun, 54,6 MW, fallhæð 84 m, fjallar um, ásamt viðbótarveitu vatns í Laxá úr Suðurá, sem ekki er innifalin í áætluninni, en bent er á í greinargerð um hana, sé hin hagkvæmasta tilhögun virkjunar efri hluta fallsins við Brúar, sem komið verði auga á eftir mjög ítarlegar rannsóknir, sem staðið hafa yfir með nokkrum hléum í meir en einn tug ára.

Andmæli gegn framkvæmd Gljúfurversvirkjunarinnar hafa komið fram frá íbúum S.-Þingeyjarsýslu, byggð á ótta um, að hún geti haft fjölþætt skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og náttúru- far í Suður-Þingeyjarsýslu.

Sum af þeim rökum, sem andmælin eru byggð á, eru augljóslega á misskilningi byggð, önnur gefa tilefni til að láta nánari athuganir fara fram. Með andmælunum hefur þó ekkert sérstakt komið fram, sem athygli hafði ekki borizt að við rannsókn og áætlunargerð að virkjuninni. Vísast í því sambandi til áætlanna og greinargerða með þeim, sérstakrar greinargerðar Laxárvirkjunarstjórnar, sem birzt hefur í dagblöðum höfuðstaðarins, og nefndarálits þeirrar þriggja manna nefndar (Haukur Tómas-

son, jarðfr., Sigurður Thoroddsen, verkfr., og Sigurjón Rist, forstm. vatnamælinga ríkisins), sem raforkumálastjóri skipaði 26. 6. 1964 til „að kanna, hvort og að hve miklu leyti fullvirkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar kynni að valda spjöllum á ánni og næsta umhverfi hennar og jafnvel beinu fjárhagslegu tjóni“.

Í heildarkostnaðaráætlunum þeim, sem nú liggja fyrir, er í áætlunarliðum, er nefnast ýmislegt og ófyrirséð, gert ráð fyrir nokkrum kostnaði af bótum fyrir skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og af ráðstöfun til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á náttúru- far. Að dómi Orkustofnunar eru ekki líkur fyrir, að fullnaðarathuganir á þessum atriðum og nánari útreikningar á kostnaði þeim, er hér getur orðið um að ræða, muni haggja þeirri niðurstöðu rannsókna og áætlunargerða, sem til þessa hafa farið fram, að hin áætlaða Gljúfurversvirkjun sé hin hagkvæmasta virkjunar- tilhögun umrædds falls í Laxá.

Núgildandi lög um Laxárvirkjun heimila ráðherra að veita Laxárvirkjun leyfi til að reisa allt að 12 þús. KW raforkuver í Laxá (sbr. 4. og 5. gr. laganna). Þessi heimild nægir til leyfis- veitingar að fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem ekki verður nema um 7.000 KW að afli. Áður en leyfi er veitt fyrir næsta áfanga, myndi hins vegar þurfa að fá Laxárvirkjunarlögum breytt á Alþingi.

Tíminn, sem liður, þar til hefjast þarf handa um annan áfanga, veitir tóm til að athuga nánar þau atriði, sem fram hafa verið færð sem rök gegn fyrirhugaðri tilhögun Gljúfurversvirkjunar. Og raunar líður þó enn lengri tími, sem nota má til þeirra athuga- ana, áður en stífla yrði hækkuð í fulla hæð og ráðist í veitu Suðurrár.

Hins vegar er svo miklu eftir að seilast, hvað hagkvæmni í virkjun snertir, að vænta má, að stjórn Laxárvirkjunar muni telja rétt að taka áhættuna af því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir fullvirkjun, þótt óvíst sé um niðurstöður umræddra athugana og leyfi ekki fengið fyrir fullvirkjun.

Leyfi það, er veitt var með bréfi ráðherra til stjórnar Laxár- virkjunarinnar, dags. 27. apr. 1967, var, svo sem að er vikið að framan, takmarkað við allt að 12.000 kílóvatta stærð samkv. núgildandi lögum um Laxárvirkjun og fyrsti virkjunaráfanginn, sem nú á að koma til framkvæmda, er að afli innan þeirra marka.

Með vísan til framanritaðs vill Orkustofnunin mæla með því, að ráðherra veiti Laxárvirkjun leyfi til að framkvæma fyrsta

áfanga Gljúfurversvirkjunar samkvæmt framangreindri áætlun frá janúar 1968 með þeim fyrirvara, er leiðir af framanskráðu og samkvæmur er eðli málsins“.

Þessa umsögn orkumálastjóra sendi atvinnumálaráðuneytið (raforkumálaráðherra) stjórn Laxárvirkjunar ásamt bréfi, dags. 23. september 1969. Í þessu bréfi atvinnumálaráðuneytisins segir m. a. svo:

„Í 4. og 5. gr. laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun er ráðherra heimilað að leyfa Laxárvirkjun að reisa allt að 12000 KW raforkuver í Laxá við Brúar, og nægir þessi lagaheimild til að leyfa að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunarinnar, sem nemur um 7000 KW að afli. Að óbreyttum lögum brestur ráðuneytið heimild til að leyfa framkvæmd annars áfanga téðrar virkjunar, sem gerir ráð fyrir að auka aflið upp í 14700 KW.

Samkvæmt þessu vill ráðuneytið hér með leyfa Laxárvirkjun að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá með um 7000 KW afli í samræmi við framangreinda áætlun.

Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun, og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefur ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir“.

Hinar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ollu miklu hugarróti meðal ábúenda og landeigenda á Laxárvæðinu. Finnst sóknaraðiljum stjórn Laxárvirkjunar hafa oftast farið fram af miklu tillitsleysi og hörku gagnvart landeigendum á Laxárvæðinu. Stofnuðu þessir aðiljar með sér félagsskap, Félag landeigenda á Laxárvæðinu. Í málinu hefur verið lagt fram skjal, sem nefnist: „Samþykktir landeigenda og ábúenda við Laxá í S.-Þing.“. Í meginmáli skjals þessa segir m. a. svo: „Vér undirritaðir landeigendur og ábúendur við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu höfum bundizt órofa samtökum einn fyrir alla og allir fyrir einn um að verja rétt vörn og framtíðar velferð Laxár“. Síðasta málsgrein þessa skjals hljóðar svo: „Fari svo, að byrjunarframkvæmdir verði ákveðnar við Gljúfurversvirkjun og framkvæmdir hafnar í andstöðu við oss, munum vér beita öllum tiltækum ráðum til að hindra þær“.

Svo sem áður getur, var nafni félags þessa breytt í Landeigendafélag Laxár og Mývatns hinn 2. október 1970.

Vegna þeirrar andstöðu, sem hin fyrirhugaða virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu átti að mæta meðal landeigenda á Laxársvæðinu, leitaðist iðnaðarráðuneytið við að laða saman mismunandi skoðanir, sem fram höfðu komið. Hafði iðnaðarráðuneytið samráð við stjórn Laxárvirkjunar, sveitarstjórnarmeðlimi, fulltrúa héraðsnefnda Þingeyinga ásamt sýslumanni. Í bréfi, dags. 13. maí 1970, frá iðnaðarráðuneytinu til sjö aðilja, þar á meðal til stjórnar Laxárvirkjunar og til formanns Félags landeigenda á Laxársvæðinu, telur ráðuneytið, að í eftirfarandi yfirlýsingu þess sé fólgið viðunandi samkomulag aðilja, sem framhald málsins geti grundvallast á:

„Svo sem kunnugt er, hefur ráðuneytið með bréfi, dags. 23. september 1969, heimilað stjórn Laxárvirkjunar að hefjast handa um viðbótarvirkjun í Laxá í samræmi við lög nr. 60 1965 um Laxárvirkjun.

Tekur þessi heimild þó aðeins til virkjunarframkvæmda, er veita mundu um 8 MW afl. Lengra nær heimildin ekki.

Ráðuneytið telur vatnsborðshækkun um 20 m, sem kynni að felast í næsta áfanga, innan marka þess, sem unnt yrði að leyfa síðar, en þó verði ekki teknar endanlegar ákvarðanir um neina vatnsborðshækkun, nema að undangengnum alhliða rannsóknum og að höfðu samráði við íbúa Laxárdals, sem þar eiga nú búsetu, eða niðja þeirra, hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Félag landeigenda á Laxársvæðinu.

Þessi vatnsborðshækkun skal þó aldrei verða meiri en brýn nauðsyn krefur og framkvæmd vatnsmiðlunar jafnan hagað með fyllsta tilliti til lax- og silungsveiði á veiðisvæðum, sem hún kynni að hafa áhrif á.

Ráðuneytið tilkynnir stjórn Laxárvirkjunar, að það sé forsenda fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum umfram þann áfanga, sem þegar er leyfður (8 MW), að gerðar verði fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár, og mun ráðuneytið hafa forgöngu um tilhögun og umfang þeirra rannsókna í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, sýslunefnd S.-Þing., náttúrufræðistofnunina, veiðimálastofnunina og Félag landeigenda á Laxársvæðinu ásamt stjórn Laxárvirkjunar.

Samkomulag er um það milli stjórnar Laxárvirkjunar og ráðuneytisins, að horfið sé frá áformum um Suðurrárrveitu, og verður hönnun fyrirtækisins endurskoðuð þar af leiðandi.

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið taka fram, að virkjunaráform í efri hluta Laxár og Kráká eru ekki á dagskrá.

Ráðuneytið mun beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókn annarra virkjunarmöguleika, sem völ væri á til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálfandaflijóts við Íshólsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun, eða samtengingu við aðrar orkuveitur“.

Jafnframt þessu telur ráðuneytið æskilegt, að leitað sé samkomulags um víðtækari aðild að virkjun Laxár en nú er, einkum með þátttöku þeirra hreppa, sem málið varðar nánast, og Húsa-víkurkaupstaðar.

Líkast til mundi samkvæmt framangreindu virkjað afl í Laxá allt að 15 MW með stíflu á síðara stigi af þeirri stærð, sem bæði sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og Búnaðarsamband sýslunnar hafa tjáð sig um, að talið, að gæti verið við hæfi. Í ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga 1969 segir m. a.:

„Þessvegna skorar fundurinn á stjórn Laxárvirkjunar, raforkumálastofnun ríkisins og raforkumálaráðherra að miða fyrirhugaðar framkvæmdir í Laxá í mesta lagi við 18—20 m vatnshækkun við efri stíflu í Laxárgljúfri frá því, sem nú er, og óbreytt vatnsrennsli, enda verði gengið frá nauðsynlegum samningum við héraðsbúa, áður en framkvæmdir hefjast“.

Í ályktun sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, dags. 8. maí 1969, segir m. a.:

„Hins vegar vill sýslunefndin vekja athygli á, að hún telur hér- aðinu hagkvæmt, að raforkuframléiðsla verði aukin með viðbótar- virkjun þar, þótt hún hafi í för með sér hækkun vatns í Laxá ofan virkjunarinnar allt að 18 metrum“.

Engu að síður myndi, áður en til þess kæmi, fara fram, svo sem vitnað er til, sérfræðileg rannsókn, sem ákvarðanir yrðu grundvallaðar á.

Svo kynni að reynast í framkvæmd, að virkjunarmannvirki gætu stuðlað að óbeinni og beinni aðstoð við aukna og öruggari fiskirækt í Laxá.

Eigi þarf að óttast, að neins yrði látið ófreistað til eðlilegrar verndar þessa merka og fagra vatnasvæðis, sem öllum ætti að vera jafn hugleikið, og aukið samstarf og vaxandi aðild Þingey- inga, svo sem að er vikið, ætti að stuðla að“.

Þetta álit iðnaðarráðuneytisins reyndist þó ekki hafa við rök að styðjast, þar sem Félag landeigenda á Laxársvæðinu gat eigi sætt sig við þau sjónarmið, sem þar koma fram.

Hinn 21. maí 1970 gerði Laxárvirkjun verksamning við Norðurverk h/f á Akureyri, þar sem Norðurverk h/f tekur að sér að byggja fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá við Brúar. Þjárhæð þessa verksamnings nemur kr. 169.965.020.00. Auk þess er samið við Norðurverk h/f um verk, unnin á tímakaupi, að upphæð kr. 8.887.000.00. Þá mun Laxárvirkjun sjálf annast smáhluta af verkinu, sem kosta mun á milli 2—3 milljónir króna. Þessir verkhlutar kosta því samtals um kr. 181.000.000.00.

Vélbúnaður og fleira er samkvæmt kostnaðaryfirliti áætlað, að kosta muni kr. 165.2 milljónir. Samtals mun því kostnaður við þennan fyrsta áfanga virkjunarinnar nema um 346.2 milljónum króna. Er þá ekki með talinn kostnaður vegna vaxta á byggingartímanum, sem áætlaður er um 28 milljónir króna, og ekki heldur undirbúningskostnaður, sem hefur numið um 8.5 milljónum króna. 60% af samningsupphæð Norðurverks h/f við Laxárvirkjun eru tryggð gegn breytingum á verðmiðli.

Stefnandi hefur krafizt lögbanns að hluta við virkjunarframkvæmdum þessum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli aðiljanna frá 15. desember 1970. Fógetadómur Þingeyjarsýslu hefur úrskurðað hinn 18. janúar 1971, að lögð skuli fram 135 milljón króna lögbannstrygging í formi peninga- eða bankatryggingar, áður en lögbannið verði á lagt, í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 15. desember s.l. Trygging þessi hefur enn eigi verið lögð fram.

Í stefnu er gerð svofelld grein fyrir lokuvirkjum þeim, sem Laxárvirkjun hefur reist, þar sem útfallshvíslar Laxár renna úr Mývatni:

„Árið 1946 voru hafnar vatnsmiðlunarframkvæmdir við útfallskvíslar Laxár úr Mývatni. Byrjað var að sprengja niður Dragseyjarfoss í Syðstukvísl hjá Haganesi þrátt fyrir mótmæli landeigenda. Þar var sett stífla með lokum, sem eru opnir á sumrin en lokaðir á veturnum. Síðar voru hafnar framkvæmdir til vatnsmiðlunar frá Geirastöðum í Yztukvísl, með því að grafinn var nýr farvegur úr vatninu og stífla sett í hann með lokum. Þessu verki var lokið 1960. Þessar framkvæmdir áttu sér einnig stað, án þess að haft væri samráð við landeigendur. Á sameiginlegum fundi aðila um málið varð þó samkomulag um að hefja ekki framkvæmdir við Miðkvísl, fyrr en séð væri, hvort þess gerðist þörf. Við þetta stóð Laxárvirkjun þó ekki, og var byrjað á framkvæmdum strax vorið 1960 og þeim lokið árið eftir þrátt fyrir mótmæli Mývetninga. Þessari stærstu kvísl úr Mývatni var lokað, en settur silungastigi til málamynda, sem enginn fiskur

hefur komið um sakir vatnsskorts. Er þar með rofin frjáls fiskför milli vatns og ár“.

Þegar setudómarinn þingaði í fyrsta sinn í máli þessu hinn 30. september 1970, var m. a. lögð fram greinargerð af hálfu stefnda. Í þeirri greinargerð segir m. a. svo: „Skrif heiðr. andst. í stefnu og greinargerð verða að skoðast sem skriflegur málf lutningur, sem þó er ekki gert ráð fyrir í málinu og er ekki rétt hagað, ef svo væri. Þetta er rangt og andstætt ákvæðum laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði“.

Í nefndu réttarhaldi kom fram krafa af hálfu stefnanda um það, að setudómarinn viki úr dómarsæti. Af þeim sökum var eigi þá þegar unnt að taka málið til meðferðar um formhliðina. Með úrskurði, uppkveðnum í málinu hinn 6. október 1970, var hrundið kröfu stefnanda um það, að setudómarinn viki úr dómarsæti. Var sá úrskurður staðfestur með dómi Hæstaréttar hinn 17. nóvember 1970.

Hinn 20. janúar 1971 var þingað í málinu um formhlið þess. Krafdist lögmaður stefnda þess þá, að málinu yrði vísað frá dómi vegna galla á málalíbúnaði stefnanda, er frávisun eigi að varða. Krafdist lögmaður stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu eftir mati dómsins.

Lögmaður stefnanda mótmælti frávisunarkröfu stefnda og málskostnaðarkröfu hans. Þá krafðist lögmaður stefnanda málskostnaðar í þessum þætti málsins samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Munnlegur málf lutningur fór fram í málinu um frávisunarkröfu stefnda.

Rökstuðningur stefnda.

Stefndi rökstuddi frávisunarkröfu sína með því, að við þingfestingu máls þessa hinn 4. ágúst 1970 hefði ekki verið lagt fram frumrit stefnunnar með árituðu birtingarvottorði, heldur afrit hennar. Í afriti þessu séu ekki greind nöfn, staða eða heimili stjórnarmanna félags stefnanda. Ekki sé greint, hver sé formaður félagsstjórnarinnar. Þá hafi heldur ekki verið í þessu afriti stefnunnar getið staðar og stundar, er málið skyldi þingfesta. Þetta sé brot gegn 87. og 88. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 23. júní 1936. Afrit stefnunnar sé 22 vélritaðar folio-síður og greinargerð stefnanda sé 20 vélritaðar folio-síður. Lýsing mála-vaxta sé þar fremur af skornum skammti, en því meir af lögskýringum frá sjónarmiði stefnanda og tilvitnunum til fræðirita, er stefnandi hyggist rökstyðja mál sitt með. Þessar 42 síður les-

máls séu raunverulega skriflegur málflytningur, enda þótt lögmaður stefnanda geri ráð fyrir því, að málið verði munnlega flutt, sbr. niðurlagið í greinargerð hans. Þá segi lögmaður stefnanda í greinargerð sinni, að líta beri á dskj. nr. 3 og 4 sem hluta af greinargerð hans í málinu. Þessi dómsskjöl, sem eru 29 vélritaðar blaðsíður, innihaldi rangan og einhliða áróður gegn at-hugun, sem gerð hafi verið að tilhlutan orkumálastjóra til könnunar á því, hvort hinar ráðgerðu virkjunarframkvæmdir kynnu að valda spjöllum á ánni, nánasta umhverfi hennar eða jafnvel valda beinu fjárhagslegu tjóni. Dómsskjöl þessi séu samin af stuðningsmönnum sóknaraðilja. Í öðru þeirra, dskj. nr. 3, áætli höfundar verðmæti lands og annarra eigna, sem þurfi að taka eignarnámi í þágu virkjunarinnar að álitni höfunda, en það sé með öllu rangt og óraunhæft. Mat á bótum fyrir lögnám til vatns-virkjana fari eftir XV. kafla vatnalaga, sbr. einkum 140. gr. laganna. Skjöl þessi hafi því ekki þýðingu sem sönnunargögn í þessu máli, heldur sé hér um að ræða skriflegan málflytning. Sama máli gegni um rskj. nr. 8: „Svar héraðsnefndar Þingeyinga við greinargerð Laxárvirkjunarstjórnar“, sömuleiðis grein Þórólfs Jónssonar frá Auðnum á rskj. nr. 11, er birtist í dagblaðinu Tím-anum þriðjudaginn 7. apríl 1970, og einhliða áróðursgreinar gegn Laxárvirkjunarstjórn, sem birtust í 2. og 3. tölublaði Samvinnunnar á rskj. nr. 9 og 10. Allt sé þetta skriflegur málflytningur, en ekki sönnunargögn í merkingu X. kafla einkamálalaganna. Lögmanni stefnda reiknaðist svo til, að í allt væri hér um 93½ blaðsíðu lesmáls að ræða hjá stefnanda. Geri þetta málið allt mjög þungt í vöfum og erfitt til úrvinnslu fyrir lögmenn og dómara, en skýri þó ekki, svo sem til er ætlazt með einkamálalögunum. Brjóti þetta í bága við 105. og 106. gr. einkamálalaganna, sbr. 109. gr., er kveði á um, að mál skuli flytja munnlega.

Rökstuðningur stefnanda.

Lögmaður stefnanda rökstuddi kröfu sína um það, að málinu yrði eigi vísað frá, með því að benda á, að þótt aðalreglan sé sú, að mál skuli flytja munnlega samkvæmt 109. gr. einkamálalaganna, þá hljóti málflytningur að hluta alltaf að vera skriflegur. Í einkamálalögunum sé gert ráð fyrir stefnu og greinargerð, en það séu skrifleg skjöl. Stærð stefnu og greinargerðar hljóti að sjálfsgöðu að fara eftir því, hversu viðamikill málsefnið er. Því viðameira sem mál sé, því lengri hljóti stefna og greinargerð að verða. Málavaxta sé getið bæði í stefnu og greinargerð, enda sé það leyfilegt samkvæmt einkamálalögunum. Stefna og greinar-

gerð séu minnisgögn fyrir dómara, þegar hann semji dóminn, því að ekki sé hægt að ætlast til þess, að dómari muni eftir öllum atriðum, sem minnzt sé á í munnlegum flutningi máls. Í 88. gr. einkamálaganna segi, að í stefnu skuli greina „málavöxtu í aðalatriðum“. Telur lögmaður stefnanda, að með þessu sé átt við, að greindar skuli í stefnu bæði staðreyndir og þær málsástæður, sem stefnandi byggir mál sitt á. Þá benti lögmaður stefnanda á það, að enda þótt frumrit stefnunnar hafi ekki verið lagt fram við þingfestingu málsins vegna mistaka sinna, þá geti það ekki komið að sök í þessu máli eða leitt til frávísunar, vegna þess að við þingfestingu málsins hafi verið sótt þing af hálfu stefnda.

Að endingu hélt lögmaður stefnanda því fram, að það væri ekki andstætt einkamálaögunum, þótt ekki væri getið í stefnu, hverjir skipuðu stjórn stefnanda og hvert væri þeirra heimilisfang, þar sem hann sem lögmaður höfðaði þetta mál fyrir hönd félagsins. Ef stefnandi yrði dæmdur til að greiða málskostnað, þá væri heimilt að gera aðför fyrir þeim kostnaði hjá lögmanni stefnanda.

Dómsniðurstaða.

Frumrit stefnu með birtingarvottorði var eigi lagt fram við þingfestingu málsins, en þar sem þá var mætt af hálfu stefnda, verður málinu ekki vísað frá af þeim sökum.

Í stefnu er stefnandi þannig tilgreindur: „Sigurður Gizurarson hdl. f. h. Félags landeigenda á Laxárvæðinu“. Í stefnunni eru hins vegar ekki greind nöfn, staða eða heimili stjórnarmanna Félags landeigenda á Laxárvæðinu. Ekki er greint, hver sé formaður félagsstjórnarinnar. Telst þetta vera brot gegn 88. gr., sbr. 75. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Var því þeim mun ríkari ástæða til þess að geta þessara atriða í stefnu sem félagsskapur þessi er óskrásettur, og í málinu eru eigi aðrar upplýsingar um hann að finna en svokallaðar samþykktir á dskj. nr. 12. Samkvæmt þeim virðist félagið, formlega séð, vera næsta laust í reipunum og varnarþings þess hvergi getið.

Svo sem áður er getið, er stefnan 22 vélritaðar folio-síður. Af því lesmáli eru málavextir um tvær síður. Að öðru leyti er stefnan mestmegnis fræðileg útlistun á málstað stefnanda, þar sem vitnað er í innlenda og erlenda fræðimenn, kaflar teknir upp úr fræðiritum og beinar tilvitnanir í Alþingistíðinid og önnur gögn, sem lögð eru fram í málinu. Þetta er skriflegur málflutningur, sem bæði brýtur í bága við 88. gr. einkamálaganna, er segir, að í

stefnu skuli greina „málavöxtu í aðalatriðum“, svo og gegn 109. gr. sömu laga, sem segir, að mál skuli munnlega flutt.

Greinargerð stefnanda er 20 vélritaðar folio-síður. Að mestu leyti er hún áframhald eða endurtekningar á fræðilegum vangaveltum lögmannsins í stefnu svo og beinar tilvitnanir í skjöl, sem lögð eru fram í málinu. Jafnframt er þess getið í greinargerðinni, að líta beri á dskj. nr. 3 og 4 sem hluta af greinargerðinni. Þau skjöl eru samtals 29 vélritaðar síður, rituð af stuðningsmönnum stefnanda. Þessi skjöl eru ekki sönnunargögn í málinu í merkingu X. kafla einkamálalaganna, heldur verða þau að skoðast sem skriflegur málflutningur. Sama máli gegnir og um blaða-greinina á dskj. nr. 11. Um dskj. nr. 8, 9 og 10 er það að segja, að ekki verður séð, að þau hafi þýðingu fyrir úrslit þessa máls.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst málatilbúnaður stefnanda skriflegur málflutningur. Er það brot gegn 88. gr., 105. gr. og 109. gr. einkamálalaganna. Ber því að taka kröfur stefnda til greina og vísa máli þessu frá dómi.

Það er og aðfinnsluvert, að í greinargerð stefnda, sem er 21 vélrituð folio-síða, er einnig um skriflegan málflutning að ræða.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen, setudómari í máli þessu, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

---